**127. löggjafarþing 2001–2002.**
**Þskj. 97 — 97. mál.**

# Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um biðlista í heilbrigðiskerfinu.

Frá Þuríði Backman og Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hvernig hefur fjöldi sjúklinga á biðlistum og lengd biðtíma eftir þjónustu í heilbrigðiskerfinu þróast sl. fimm ár til haustsins 2001? Svarið óskast sundurliðað eftir helstu tegundum aðgerða og þjónustuflokka, skipt niður á þær heilbrigðisstofnanir sem framkvæma viðkomandi aðgerðir eða veita viðkomandi þjónustu.
2. Hvernig hefur fjöldi sambærilegra aðgerða eða sjúklinga sem sambærilegrar þjónustu nutu hjá viðkomandi stofnun þróast á fyrrgreindu tímabili?

**Skriflegt svar óskast.**